

Skipulags-, byggingar- og veitunefnd

Fundur – 20. desember 2011

Fundur haldinn í Skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduóbæjar þriðjudaginn 20. des. 2011, kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Þórður Pálsson, formaður, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Þórður Pálsson.

Dagskrá:

Dagskrárliður 1

Skíðadeild Tindastóls sækir um leyfi til að setja niður auglýsingaskilti við Blönduós, staðsetning samkvæmt samkomulagi. Stærð 2 x 2m.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir að heimila skiltið til 2 ára. Nefndin varpar fram þeirri hugmynd að nýta bakhliðina til að auglýsa t.d sundlaugina á Blönduósi.

Dagskrárliður 2

Undirritaður Magnús Björn Brynjólfsson, hrl. fer þess á leit fyrir hönd Þorbjörns Brynjólfssonar, Stefáns H. Brynjólfssonar, Jóns Brynjólfssonar, Magnúsar Björns Brynjólfssonar og Guðmundar Brynjólfssonar með vísan til lands- og eignaskiptasamnings dags. 18.12.1982, afstöðumyndar í mkv. 1:8000, unnið af Braga Þór Haraldssyni f.h. Stoða ehf verkfræðistofu dags. 2.8.2011, afsals dags. 1.7.1983 og samþykki jarðanefndar dags. 5.3.1983 og Yfirmatsgerð á arðskrá fyrir veiðifélag Blöndu og Svartár, dags. 7.2.2005, að eftirfarandi verði gert:

1. Með vísan til 13. gr. jarðarlaga nr. 81/2004 er þess óskað að þér veitið umsögn um skiptingu jarðarinnar Geitaskarðs, fasteignanr. 145421, Blönduósi, í 2 hluta samkvæmt hnitsettum uppdrætti Braga Þórs Haraldssonar frá Stoð ehf verkfræðistofu Sauðárkróki dags. 2.8.2011 og lands- og eignaskiptasamningi dags. 18.12.1982.
2. Einnig er óskað eftir að útbúið verði stofnskjal af umræddum landskika með tilheyrandi fasteignanúmeri og/eða landnúmeri.

Meðfylgjandi gögn:

- Bréf Magnúsar Björns Brynjólfssonar hrl. til Bæjarstjórnar Blönduóbæjar: Beiðni um staðfestingu landskipta og stofnun fasteignar í fasteignaskrá.
- Merkjalyfing samin í júní 1884.
- Lands- og eignaskiptasamningur, dags. 18.12.1982. (þinglýstur 1.8.1989)
- Samþykki jarðanefndar, dags. 5.3.1883.
- Afsal, dags. 1.7.1983.
- Yfirmatsgerð á arðskrá fyrir veiðifélag Blöndu og Svartár dags. 7.2.2005
- Þinglýsingarvottorð af Geitaskarði, dags. 19.9.2007.
- Afstöðumynd í mkvr. 1:8000, 1:50000, gerð af Braga Þór Haraldssyni, verkfr. hjá Stoð ehf. verkfræðistofu, útg. 2.8.2011.
- Matsvottorð þjóðskrár (Þorbjörn Brynjólfsson), dags. 23.9.2011.
- Matsvottorð þjóðskrár (Ágúst Sigurðsson), dags. 23.9.2011.

Afgreiðsla: Skipulags-, byggingar-og veitunefnd fjallaði um hvaða áhrif fyrirhuguð landskipti kunni að hafa á landbúnaðarlandið sem skiptin taka til. Þegar horft er til núverandi landbúnaðarafnota jarðarinnar Geitaskarðs er það niðurstaða skipulags-, byggingar- og veitunefndar að skiptin muni ekki raska landbúnaðarnotum jarðarinnar. Á Geitaskarði er stundaður hestabúskapur og ferðaþjónusta.

Með umsögn þessari er ekki verið að staðfesta landamerki milli jarðahluta jarðarinnar Geitaskarðs.

Með vísan til leiðbeiningarskyldu stjórnvalda er vakin athygli á að beiðni um staðfestingu landskipta skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng aðila sem eru eigendur landsins og aðilar að landskiptunum sbr. 1. mgr. 13. gr. jarðalaga. Því er ekki til að dreifa í þessu máli.

Dagskrárliður 3

Önnur mál:

- a) Breytingar á reiðleiðum á Blönduósi. Reiðveganefnd hestamannafélagsins Neista óskar eftir að fá framkvæmdaleyfi fyrir reiðvegum í landi sveitarfélagsins samkvæmt framlagðri mynd með fyrirvara um samþykki landleigjanda og landeiganda. Framkvæmdin er kostuð af hestamannafélaginu.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið.

Haukur Ásgeirsson (sign)
Heiðrún Bjarkadóttir (sign)
Hilmar Þór Hilmarsson (sign)
Ingunn Ásgeirsdóttir (sign)
Stefán Árnason, byggingafulltrúi (sign)

Þórður Pálsson (sign)